# Fundargerð

23. fundur stjórnar Eignasjóðs Reykjanesbæjar, haldinn að Grænásbraut 910
3. desember 2025, kl. 08:00

Viðstaddir: Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Birgir Már Bragason, Guðmundur Björnsson, Sigurður Garðarsson og Harpa Björg Sævarsdóttir.

Að auki sátu fundinn Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu, Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

Grétar I. Guðlaugsson boðaði forföll.

* * *

1. **Skipulag eignaumsýslu Reykjanesbæjar og viðhaldsteymi (2025100212)**

   Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu lagði fram minnisblað um endurskipulagningu viðhalds á fasteignum Reykjanesbæjar og stofnun viðhaldsteyma.

   Stjórn eignasjóðs styður breytingar á skipulagi eignaumsýslu og að komið verði á viðhaldsteymum í samstarfi við sviðsstjóra annarra sviða. Deildarstjóra eignaumsýslu er falið að vinna málið áfram.

2. **Stjórn eignasjóðs - skipulag funda 2026 (2025010010)**

   Áætlun um skipulag funda stjórnar eignasjóðs fyrir árið 2026 lögð fram.

3. **Myllubakkaskóli – staða framkvæmda (2021050174)**

   Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu fór yfir stöðu framkvæmda og kostnaðar við Myllubakkaskóla ásamt framtíðaráætlun til að ljúka verkinu.

4. **Holtaskóli – staða framkvæmda (2022120120)**

   Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu fór yfir stöðu framkvæmda og kostnaðar við Holtaskóla ásamt framtíðaráætlun til að ljúka verkinu.

5. **Íbúaþróun og innviðauppbygging - áskoranir til 2035 (2025080341)**

   Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu fór yfir íbúaþróun Reykjanesbæjar og þau verkefni sem hafa fylgt stækkandi bæjarfélagi með auknum framkvæmdum við mannvirkjagerð til að mæta innviðaþörfum.

_________________________________

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:58.